

## **Menningarnefnd Snæfellsbæjar**

### **Fundur nr. 224**

### **Priðjudagur 16. janúar – Sker Restaurant**

Fundur settur: 12:00

Fundinn sitja: Helga Jóhannsdóttir, Kristín Arnfjörð, Ingunn Ýr Angantýsdóttir, Jóhannes Stefánsson, Heimir Berg og Marsibil Katrín Guðmundsdóttir.

Fundagerð ritar: Helga Jóhannsdóttir.

#### **1. Örstyrkir – Farið yfir umsóknir.**

- Leikfélagið sækir um styrk til uppsetningar á leikriti eða öðrum menningar og/eða leiklistartengdum viðburði.
- Vagn Ingólfs sækir um 100.000 kr. styrk, hann er með nýtt verk í vinnslu og það kallar á sérhæfð verkfæri sem gott væri að fá styrk upp í.
- Kirkjukórinn: Sækir um styrk vegna rútuferða kórmeðlima á tónleikadegi, aukalaunakostnað vegna kórstjóra og undirleikara, prentun á útgáfu á tónskrá og auglýsingum. Einnig vegna kaffi- og konfektveitinga til gesta. Áætlaður kostnaður við tvö tónleika er 300.000 kr.
- Niðurstaða nefndar:
  - Nefndin úthlutar vagni 100 þúsund króna styrk fyrir verkfærum og öðru tilfallandi vegna sýningar sem hann stefnir á að vera með í Pakkhúsinu á 30 ára afmæli Snæfellsbæjar.
  - Kirkjukórinn fær 50 þúsund króna styrk vegna tónleikahalda.
  - Leikfélagið hefur fengið 150 þúsund króna almennan styrk frá menningarnefnd síðastliðin tvö ár og fær í ár á meðan það er starfrækt. Í ár sækir leikfélagið um örstyrk vegna tilfallandi viðburða og nefndin samþykkir að veita undanþágu og veita leikfélaginu 50 þúsund króna örstyrk með tilliti til samtals um viðburð á 30 ára afmæli Snæfellsbæjar.

#### **2. Umsóknargátt fyrir leigu á neðri hæð Pakkhússins.**

- Nefndin leggur til að sett verði upp umsóknargátt á heimasíðu SNB vegna leigu á neðri hæð Pakkhússins fyrir viðburði við hæfi. Nefndin vill efla starfsemi hússins líkt og áður hefur komið fram og telur að þetta gæti verið byrjun á því.

#### **3. Skapandi vinnuskóli.**

- Verið er að vinna í því að fá aðila/listamann í samstarf vegna vinnuskólans sem stefnt er að setja á laggirnar fyrir sumar 2024. Umræddur vinnuskóli væri þá vika að lengd og uppskera hans væri tilvalin til sýningar á 30 ára afmæli Snæfellsbæjar.

#### 4. Menningarverðlaun/viðurkenning Snæfellsbæjar.

- Nefndin leggur til að veitt verði menningarviðurkenning í Snæfellsbæ á tveggja ára fresti, verðlaunin skulu vera táknræn um það mikla menningarstarf sem viðkomandi hópur eða einstaklingur hefur innt af hendi. Hér hefst gott tækifæri á því að verðlauna gott framlag til menningar í bæjarfélaginu og vera sýnileg hvatning til að halda áfram að rækta og efla menningu bæjarfélagsins.
- Nefndin tilefnir aðila eða fær jafnvel ábendingar (jafnvel tillögugátt á heimasíðu SNB) og sendir á bæjarstjórn sem velur þann sem hlýtur viðurkenninguna.
- Heimilt er að veita einstakling eða hópi verðlaunin
- Heimilt er að hljóta verðlaunin oftari en 1 sinni en þá þurfa að líða amk. 5 ár á milli.
- Viðurkenningin er að mestu hugsuð sem heiður fyrir viðkomandi aðila að hljóta. Þá er þetta hugsuð í formi viðurkenningarskjals og blómvandar.
- Heimilt er við sérstakar aðstæður að veita verðlaunin aðila sem er ekki búsettur í bæjarfélaginu en tengist bæjarfélaginu með einhverjum hætti.

Fundi slitið: 13:00